

Í DAG

Árnað heilla



80 ÁRA afmæli. Í dag, sunnudaginn 1. nóvember, verður átræð Þorbjörg Jónsdóttir, Grandavegi 47, Reykjavík. Eiginmaður hennar var Sigurður Ólafsson lyfsali sem lést árið 1993. Í tilefni þessara tímamóta tekur hún á móti ættingjum og vinum í samkomusal á 10. hæð á Grandavegi 47 í dag klukkan 15-18.



BRÚDKAUP. Gefin voru saman 8. ágúst í Grindavíkurkirkju af sr. Hirti Hjartarsyni Aðalbjörg Ívarsdóttir og Ívar Þór Guðlaugsson. Heimili þeirra er að Heiðarhrauni 30c, Grindavík.



Ljósmynd Lára Long. BRÚDKAUP. Gefin voru saman 25. júlí í Stórolfshvolskirkju af sr. Sigurði Jónssyni Guðlaug Björk Klemensdóttir og Jón Ásgeir Helgason. Heimili þeirra er á Reykási 33.



Ljósmynd Lára Long. BRÚDKAUP. Gefin voru saman 15. ágúst í Hafnarfjarðarkirkju af sr. Einari Eyjólfssyni Þóra Guðmundsdóttir og Gunnar Svavar Friðriksson. Heimili þeirra er í Hafnarfirði.



Ljósmynd Lára Long. BRÚDKAUP. Gefin voru saman 8. ágúst í Bústaðarkirkju af sr. Pálma Matthíassyni Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir og Gísli Gunnarsson. Heimili þeirra er í Reykjavík.

STJÖRNUSPÁ eftir Frances Drake



SPORÐREKI

Afmælisbarn dagsins: Þú ert félagslyndur og ævintýragjarn og vilt sífellt vera að taka áhættu.

Hrútur (21. mars - 19. apríl) Hikaðu ekki við að framkvæma hugmynd þína og fylgja henni eftir. Þú munt ekki síður en aðrir verða undrandi með árangurinn.

Naut (20. apríl - 20. maí) Vinur þinn trúir þér fyrir ráðagerðum sínum og þú mátt ekki láta í ljós vanþöknun þína. Láttu hann um að ráða sínum málum.

Tvíburar (21. maí - 20. júní) Þér er allt mögulegt ef þú hefur brennandi áhuga. Kímnigáfa þín mun kítla hláturtaugar þeirra sem í kringum þig eru.

Krabbi (21. júní - 22. júlí) Hafðu ekki áhyggjur þótt þú sért hafður fyrir rangri sök. Gerðu hreint fyrir þínum dýrum og þá mun allt leysast af sjálfu sér.

Ljón (23. júlí - 22. ágúst) Þótt þér finnist þér ekki verða mikið úr verki standa aðrir á öndinni yfir afköstum þínum. Gerðu ekki of miklar kröfur til þín.

Meyja (23. ágúst - 22. september) Þú hefur tekið að þér verkefni sem er þér ofviða. Gerðu eitthvað í málinu áður en það gerir endanlega út af við þig.

Vog (23. sept. - 22. október) Sannleikurinn er sagna bestur og þótt hann geti verið sár, skaltu samt vera ánægður með að hafa haft hann að leiðarljósi.

Sporðreki (23. október - 21. nóvember) Ef samband á að haldast þurfa báðir aðilar að leggja sig fram um að hlúa að því. Leggðu þitt af mörkum og ræddu við hinn aðilann.

Bogmaður (22. nóv. - 21. desember) Láttu ekki hugfallast þótt þú hafir ekki sigrað í fyrstu lotu. Heppnin verður með þér ef þú gefur þér aðeins meiri tíma.

Steingeit (22. des. - 19. janúar) Vertu óragur við að hefja viðskipti þótt buddan sé létt. Allir þurfa að byrja smátt en þú þarft að gera samninga sem þú getur staðið við.

Vatnsberi (20. janúar - 18. febrúar) Þú gætir slegið einhverja út af laginu er þú viðrar skoðanir þínar vegna þess að þeir skilja ekki viðhorf þín. Láttu það ekki angra þig.

Fiskar (19. febrúar - 20. mars) Þú þarft að taka málin í þínar hendur og ganga úr skugga um að allt sé með felldu. Það getur verið misjafn saður í mörgu fé.

Stjörnuspána á að lesa sem dægurvöl. Spár af þessu tagi eru ekki byggðar á traustum grunni vísindalegra staðreynda.

BRIDS

Umsjón Guðmundur Páll Arnarson

SUÐUR lætur ýta sér upp í sex hjörtu, sem er reyndar dágóð slemma, þegar allt kemur til alls.

Suður gefur; enginn á hættu.

Norður ♠ 6 ♥ A1065 ♦ D87632 ♣ G5



Suður ♠ - ♥ K9842 ♦ AK4 ♣ AD864

Table with 4 columns: Vestur, Norður, Austur, Suður. Rows show hearts, spades, clubs, and diamonds counts.

Útspil vesturs er tígulgosi. Sagnhafi tekur slaginn heima og leggur niður hjartakóng. Austur lætur gosann. Aftur er trompi spilað að borðinu og vestur fylgir með smáspili. Á að svína tíunni eða stínga upp ás?

En þó er rangt að svína.

Norður ♠ 6 ♥ A1065 ♦ D87632 ♣ G5

Austur ♠ AKG9853 ♥ G ♦ 5 ♣ 10932

Suður ♠ - ♥ K9842 ♦ AK4 ♣ AD864

Það er óþarfi að svína, því slemman vinnst alltaf með því að drepa á ásin þó að vestur eigi trompslag. Sagnhafi spilar næst tígli svo lengi sem þarf. Hvort sem vestur trompar eða ekki, lendir hann fyrr eða síðar inni á hjartadrottningu og verður þá að spila sér í óhag; spæða út í tvöfalda eyðu eða laufi frá kóngnum. Á hinn bóginn gæti slemman tapast með svínungunni ef austur á trompdrottninguna.

Með morgunkaffinu




Ást er... 9-21 ... að borga reikninginn ef hann er blankur.



ÉG ákvað að kvarta undan hávaðanum í veislunni hjá þeim og þurfti að taka leigubíl báðar leiðir.



HANN skröpaði í síðasta tíma, þér til mikillar armæðu. Hann hafði enga gilda ástæðu til að mæta ekki og það stóð ekki heldur afsökunar.



Það er maður hér sem spyr hvort blómapottur hafi dottið af svölunum okkar.

Hugræn teygjuleikfimi frá Kína. Veitir sveigjanleika með óþvinguðum hreyfingum. Örugur úr vöðvahólge. Eykur blóðstreymi um háráðanetið. Styrkir hjartad. Lesar um uppsalada spennu. Hugræn teygjuleikfimi frá Kína er blanda af nútíma leikfimi og hefðbundinni kínverski leikfimi sem á sér aldargamla sögu. Hún eflir bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði. Hún einkennist af afsláppuðum og mjökum hreyfingum sem bjálta í senn líkama og huga. 6 árg. og eldri. 30. Upplýsingar í síma 895 8966

Jólagjöfin í ár. Okkar vinsælu sérmerktu handklæði. Fánleg í 6 litum í st. 70x140 sm. Ámáluð merkingin er áberandi og falleg. Tilvalið í skólann og íþróttirnar. Aðeins kr. 1.490 með nafni. PÖNTUNARSÍMI virka daga kl 16-19 557 1960. ISLENSKI PÓSTLISTINN Pósthólf 9315 • 129 Rvk

ÍSLANDS - MEISTARAMÓT Í Karate. 1. nóvember. Íþróttahúsinu Strandgötu Hafnarfirði. mótið hefst kl.15:30 úrslit kl. 18:30 fjöldi sýningaratriða. ókeypis aðgangur

NÝTRÚARHREYFINGAR OG KRISTIN TRÚ Í HAFNARFJARÐARKIRKJU. Þriggja kvöld námskeið um yoga, spíritisma, dulspeki, sértrúarhópa og kristna trú. Leiðbeinandi sr. Þórhallur Heimisson. Skráning og upplýsingar alla daga frá kl. 10.00 - 16.00 í Hafnarfjarðarkirkju í síma 555-1295. Námskeiðið hefst þri. 3. nóv.